

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 4. maí 2016

- Fundargerð -

Ársfundur Stapa var haldinn í Menningarhúsinu Hofi, Akureyri, miðvikudaginn 4. maí 2016 og hófst hann stundvíslega klukkan 14:00. Á fundinn mættu 97 einstaklingar, 72 fulltrúar aðildarféлага, 6 fulltrúar atvinnurekenda með full réttindi á fundinum og 19 almennir sjóðfélagar. Þórarinn Sverrisson, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Formaður gerði tillögu um Hjördísi Þóru Sigurbórsdóttur sem fundarstjóra og Maríu Björk Guðmundsdóttur sem fundarritara og var sú tillaga samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og leitaði eftir athugasemdum um fundarboðunina en engar athugasemdir komu fram og var fundurinn þar með úrskurðaður lögmætur.

Áður en gengið var til dagskrár bar fundarstjóri upp tillögu um að bæta inn lið 5 um starfskjarastefnu sjóðsins. Ekki komu fram andmæli við breytinguna og kynnti fundarstjóri því næst dagskrána sem er svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna sjóðsins
4. Breytingar á samþykktum
5. Starfskjarastefna
6. Kosning stjórnar
7. Kosning löggilts endurskoðanda
8. Laun stjórnar
9. Önnur mál

## 2. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður, Þórarinn Sverrisson, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins árið 2015.

Í samantekt hans kom fram að árið 2015 var mjög annasamt og mikið var um fundahöld. Uppgjör sjóðsins var gert miðað við nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Verkið var viðamikil og tímafrekt en þó skoðun stjórnar að nýju reglurnar séu að flestu leyti til bóta.

Á árinu náðist samkomulag við Glitni vegna afleiðusamninga, sem lengi var óvissa um. Niðurstaðan var vel ásættanleg fyrir sjóðinn og má segja að með þessu samkomulagi hafi áhrifum bankahrunsins á efnahag sjóðsins endanlega lokið.

Iðgjöld til sjóðsins hækkuðu meira en útgreiddur lífeyrir og því lækkaði lífeyrisbyrðin á milli ára en nokkuð er síðan það gerðist.

Nýgerðir kjarasamningar, sem hækka mótframlag launagreiðenda til sjóðsins, eiga eftir að hafa umtalsverðar breytingar í för með sér fyrir sjóðinn og sjóðfélaga hans. Ekki er búið að útfæra hjá sjóðnum hvernig þessu nýja mótframlagi verður endanlega ráðstafað.

MSG APS

Stjórnarformaður ræddi um nýja réttindakerfið sem samþykkt var að taka upp á ársfundi sjóðsins 2015. Mikil vinna hefur farið í að undirbúa og innleiða upptöku á kerfinu. Í þessu efni er sjóðurinn að fást við algerlega nýja hluti, sem enginn íslenskur sjóður hefur áður fengist við. Nýja kerfið á að tryggja mun betur en áður að jafnvægi sé á milli eigna og skuldbindinga.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins hefur farið batnandi undanfarin ár. Hún fór í neikvæða stöðu við bankahrunið en var orðin jákvæð í lok árs 2015 m.v. gamla réttindakerfið. Í nýja réttindakerfinu, sem tók gildi um sl. áramót eiga eignir og skuldbindingar að haldast mun betur í hendur, þannig að halli eða umframeign eiga síður að myndast.

Stjórnarformaðurinn sagði miklar umræður hafa verið innan sjóðsins um sjóðfélagalán og fyrirkomulag þeirra. Sjóðurinn er enn að skoða þessi mál og vinna að útfærslu á fyrirkomulagi á íbúðalánum sem er hagkvæmt bæði fyrir þá sjóðfélaga sem taka lán en einnig fyrir þá sjóðfélaga, sem ekki taka lán og eru í raun að fjármagna lán annarra sjóðfélaga. Þarna þarf að ríkja ákveðið jafnvægi sem mikilvægt er að finna.

Aukinn lífaldur var mikið til umræðu á árinu. Í raun má segja að tiltölulega góð samstaða sé um að hækka lífeyristökualdur í takt við hækkingu lífaldurs og bjóða jafnframt upp á aukinn sveigjanleika. Stapi lífeyrissjóður hefur skoðað hvort ekki megi byggja breytingar vegna lífaldurs inn í samþykktir sjóðsins, þannig að breytingar á lífeyristökualdri gerist nokkuð í takt við breytingar á lífaldri.

Stjórnarmenn hafa gert ýmsar athugasemdir við starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða og fór svo að stjórn Stapa ákvað að segja sig úr samtökunum og var það gert í maí 2015 og átti úrsögnin að taka gildi í byrjun árs 2016. Eftir viðræður við Landssamtökin var úrsögnin dregin til baka en áfram verður fylgst með hverju þátttaka sjóðsins í samtökunum skilar.

Stjórn sjóðsins fór í svokallað árangursmat stjórnar sem er nýjung í starfseminni. Í kjölfar þess var starfsreglum stjórnar breytt. Einnig gekk stjórnin frá stjórnháttayfirlýsingu og starfskjarastefnu, sem lögð er fyrir ársfundinn. Þá var einnig skerpt á ýmsum reglum sem eru í gildi hjá sjóðnum.

Könnun var gerð í árslok 2015 um viðhorf sjóðfélaga til ýmissa atriða tengdum sjóðnum og lífeyrismálum almennt. Það er vilji stjórnar að slíkar kannanir verði fastur þáttur í starfi sjóðsins. Góður sjóður getur orðið enn betri og að því vill stjórn vinna.

Stjórnarformaður nefndi starfslok fyrrum framkvæmdastjóra, Kára Arnórs Kárasonar. Ástæðan var umfjöllun Kastljóss um tenginu Kára við svokölluð Panamaskjöl. Mál þetta hefur reynt mjög á stjórn og starfsmenn sjóðsins enda hefur samstarfið við Kára í gegnum tíðina verið með miklum ágætum og viss söknuður að kveðja hann sem framkvæmdastjóra. Ekki verður gerður starfslokasamningur.

Að lokum flutti stjórnarformaður, fyrir hönd stjórnar, starfsfólki sjóðsins einlægar þakkir fyrir gott og ánægjulegt samstarf á liðnu ári, með óskum um að komandi ár verði öllum gjöfult.

## 2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Guðmundur Baldvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri, kynnti sig og stöðu sína í dag en hann mun aðeins gegna þessari stöðu þar til nýr framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn. Hann minntist á að það væri

mikill missir að Kára fyrir sjóðinn og starfsmenn hans. Guðmundur kynnti ársreikning Stapa og gerði grein fyrir helstu tölum hans.

- Iðgjöld ársins 2015 voru 7.911 milljónir króna.
- Lífeyrir var 4.687 milljónir króna.
- Fjárfestingartekjur 18.428 milljónir króna.
- Rekstrarkostnaður 285 milljónir króna.
- Aðrar tekjur 95 milljónir króna.
- Hrein eign til greiðslu lífeyris var í árslok 2015 179.272 milljónir króna og hækkaði um 13,6% milli ára.
- Fjárfestingar efnahagsreiknings skiptust eftirfarandi:
  - Eignahlutir í félögum og sjóðum voru 79.374 milljónir króna.
  - Skuldabréf 86.647 milljónir króna.
  - Bundnar bankainnistæður 2.154 milljónir króna.
  - Kröfur 964 milljónir króna.
  - Ýmsar eignir 59 milljónir króna.
  - Handbært fé 10.181 milljónir króna.
  - Skuldir í árslok voru 108 milljónir króna.

Framkvæmdastjóri fór yfir einstaka liði ársreiknings. Hann minntist á að með breyttum reikningskilaaðferðum væri framsetning skýringa og kennitalna mun skýrari en áður sem auðvelda á sjóðfélögum lesturinn. 15 stærstu launagreiðendur eru þeir sömu og á síðasta ári og þessir 15 stærstu greiða 34% allra iðgjalda. Meðalaldur iðgjaldagreiðenda er 35,4 ára. Það eru lítil vanskil iðgjalda, 1,8%. Mjög gott eftirlit og utanumhald. Lífeyrisgreiðslur hækka um 9,6 % á milli ára. Lífeyrisgreiðslur eru alltaf að aukast, fleiri og fleiri að fara á lífeyri og við erum alltaf að eldast. Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar lækka um 43% á milli ára enda er lögum um sérstaka útgreiðslu séreignar lokið. Fjárfestingar voru mjög góðar á árinu og hluti af því er góð ávöxtun hlutabréfa. Nafnávöxtun tryggingadeildar var 11,4 % og raunávöxtun 9,2 %. Ávöxtun séreignar var líka góð. Innlána safnið 4,8%, Varfærna safnið 10,0% og Áræðna safnið 10,2% nafnávöxtun. Kostnaður sjóðsins er 0,6% af heildaeignum sjóðsins og hefur lækkað aðeins. Við stöndum vel í samanburði við aðra sjóði.

## 2. Tryggingafræðilegt mat

Tryggingastærðfræðingurinn Bjarni Guðmundsson kynnti tryggingafræðilegt mat og fór yfir forsendur og aðferðarfræði sem liggja að baki því.

Niðurstaðan var á þá leið að heildarskuldbindingar nema 0,42% meira en eignir og iðgjöld framtíðarinnar. Tryggingafræðileg staða Stapa er því innan skilgreindra marka laganna sem og stefnu sjóðsins og aðgerða því ekki þörf. Í árslok 2014 var staðan neikvæð um 3,77% og hefur því batnað milli ára. Hvaða áhrif hefur nýja kerfið? Áhrifin eru óveruleg við lok 2015, framtíðarstaða batnar.

Eftir kynningu á ársreikningi og tryggingafræðilegu mati gaf fundarstjóri orðið laust.

Bragi Jóhannsson, FVSA og lífeyrisþegi tók til máls. Hann er viss um að sjóðfélagar eru ekki að átta sig á starfsemi sjóðsins eingöngu með því að skoða ársreikninginn. Honum finnst ekki hafa verið tekið nógu mikið tillit til hins almenna sjóðfélaga í gegnum árin en viðurkennir að það hafi þó lagast aðeins með þessari ársskýrslu. Bragi þakkar stjórn og starfsmönnum sjóðsins fyrir góð störf og góða ávöxtun. Bragi mælir með að sjóðurinn sendi sjóðfélögum ársskýrsluna viku fyrir fund svo þeir geti verið búnir að kynna sér hana í tíma.

Þá var ársreikningur borinn upp og hann samþykktur samhljóða.

### 3. Fjárfestingarstefna sjóðsins

Fjárfestingarstjóri, Arne Vagn Olsen, kynnti ávöxtun sjóðsins á árinu 2015 og fjallaði um eignaflokka sem og þróun eignasafns sjóðsins undanfarin ár. Þá yfirfór hann einnig forsendur fjárfestingarstefnu 2016, þar á meðal fjárfestingarmarkmið sem og fjárfestingarheimildir ársins. Einnig var uppbyggingu og ávöxtun séreignasafna Stapa lífeyrissjóðs gerð skil.

Jóna Finndís Jónsdóttir, áhættustjóri fór yfir helstu markmið og framkvæmd áhættustýringar ásamt því að gera grein fyrir helstu áhættuþáttum sjóðsins.

Að lokinni kynningu áhættustjóra gaf fundarstjóri orðið laust um fjárfestingarstefnu og áhættustýringu en enginn kvaddi sér hljóðs.

### 4. Breytingar á samþykktum

Framkvæmdastjóri, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, fór yfir breytingar á einstökum greinum samþykktanna og útskýrði nánar. Helstu breytingar eru vegna breytinga á réttindakerfi sjóðsins og verið er að lagfæra samþykktirnar þess vegna.

Að lokinni yfirferð framkvæmdastjóra var orðið gefið laust.

Andri Teitsson, sjóðfélagi spurðist fyrir um hvort heimilt sé að greiða út réttindasjóð ef sjóðfélagi býr erlendis. Er þá málið að flyta lögheimili sitt erlendis? Finnst þetta ekki vera í samræmi við hvernig sjóðir virka.

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur svaraði því til að þetta væri heimildarákvæði sem þyrfti að meta í hvert skipti. Eingöngu verið að tala um smáréttindi. Gríðarlegur fjöldi af erlendu starfsfólki sem á rétt í sjóðnum. Þetta er svona hugsað til að einfalda afgreiðslu sjóðsins. Td. að ekki sé verið að greiða smáupphæðir mánaðarlega erlendis heldur er það greitt út í einu lagi. Hugsað sem praktísk atriði.

Bar þá fundarstjóri upp breytingarnar til samþykktar. Kosid var um hvern lið fyrir sig og voru allar breytingar samþykktar samhljóða að undanskilinni breytingu á grein 25.3 þar sem einn fundarmanna greiddi atkvæði á móti. Loks voru samþykktarbreytingarnar bornar upp í heild sinni og samþykktar samhljóða

### 5. Starfskjarastefna

Þórarinn Sverrisson, stjórnarformaður, kynnti starfskjarastefnu fyrir ársfundinum.

„Stefna Stapa lífeyrissjóðs er að ráða til sín menntað og áhugasamt fólk í samræmi við verkefni hvers starfs. Markmið sjóðsins er að bjóða ávallt bestu þjónustu og hæstu gæði í þjónustu sinni við sjóðfélaga og launagreiðandur. Sjóðurinn leitast við að nota faglegt ráðningarferli með það að markmiði og hámarka kunnáttu og hæfni starfsmanna með tilliti til þeirra verkefna sem þeir eru ráðnir til.“

Reglurnar fjalla um:

- Samkeppnishæf laun starfsmanna
- Starfskjör stjórnarmanna
- Starfskjör framkvæmdastjóra
- Starfskjör áhættustjóra
- Starfskjör stjórnenda og annarra lykilstarfsmanna
- Starfskjör annarra starfsmanna
- Kaupaukar

➤ Yfirvinna

Starfskjarastefnan skal borin undir ársfund.

Að lokinni kynningu stjórnarformanns á starfskjarastefnu Stapa var orðið gefið laust.

Egill Thorlacius spurðist fyrir um hver mæti hæfni starfsfólksins.

Gunnar Magnússon, gerði athugasemd við orðalagið „Leitast við“.

Stjórnarformaður svaraði fyrirspurnum.

Þá var gert 30 mín hlé á fundi en samkvæmt samþykktum sjóðsins ber að gera hlé á meðan kosning stjórnarmanna fer fram.

Fundur hófst að kaffihlé loknu klukkan 16:13

## 6. Kosning stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir kjöri launþega en að hálfu þeirra voru kjörin til 2ja ára:

Aðalmenn: Þórarinn Sverrisson, Aldan stéttarfélag og Huld Aðalbjarnardóttir, Framsýn

Varamenn: Sigríður Dóra Sveinsdóttir, Afl starfsgreinafélag og Erla Björg Guðmundsdóttir, FVSA

Ágúst Torfi Hauksson gerði grein fyrir kjöri launagreiðanda en af hálfu þeirra voru kjörin:

Aðalmenn: Ágúst Torfi Hauksson og Magnús Svavarsson til 2ja ára

Engir varamenn.

Launagreiðendur munu gera það að tillögu á næsta fundi að varamönnum verði fækkað, of mikið að hafa 4. Varamenn eru kallaðir í hæfismat hjá FME og ekki allir sem eru tilbúnir að gera það.

Fundarstjóri bað um að grein yrði gerð fyrir núverandi stjórnarmönnum. Þórarinn Sverrisson, kynnti stjórn.

## 7. Kosning löggilts endurskoðanda

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu um Deloitte ehf. Akureyri, Knútur Þórhallsson, löggiltur endurskoðandi og Ragnar Jóhann Jónsson, löggiltur endurskoðandi, sem löggilta endurskoðendur sjóðsins og var sú tillaga samhljóða samþykkt.

## 8. Laun stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu að breyttum stjórnarlaunum.

Stjórnarlaun verða 90.000 krónur á mánuði, varamaður fær 45.000 krónur fyrir hvern setinn fund, formaður stjórnar 180.000 krónur og varaformaður 135.000 krónur.

Orðið var gefið laust en enginn gerði athugasemd við þessari tillögu.

Tillagan var samþykkt samhljóða.



## 9. Önnur mál

Bragi Jóhannson tók til máls og gerði athugasemd við skerðingar hjá lífeyrissjóðunum vegna greiðslna barnalífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins. Honum finnst óréttmætt að öryrkjar verði fyrir þessu, þekkir sjálfur dæmi þess. Bragi skorar á stjórn sjóðsins að laga þetta svo þessari eilífu togstreitu ljúki.

Fundarstjóri gerir að umtalsefni og fagnar því að stjórn sé að skoða lánamál sjóðsins. Las að sjóðirnir hafi verið að lána mun hærri fjárhæðir undanfarið. Hún saknar þess að sjóðfélagar Stapa hafi ekki aðgang að svipuðum lánakjörum og aðrir sjóðir eru að bjóða. Breytingar urðu á lánamarkaði þegar bankarnir fóru að bjóða góð lán en nú hafa margir sjóðir breytt vaxtakjörum sínum. Lán Stapa fara í gegnum banka, sem afgreiðir lánin með tilheyrandi kostnaði. Fundarstjóri leggur fram tillögu til ársfundar:

„Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs samþykkir, að beina því til stjórnar sjóðsins að taka það til alvarlegrar skoðunar að bjóða sjóðfélögum lán t.d. til húsnæðisakaupa á lægri vöxtum en 4,2% eins og nú er jafnframt því að rýmka veðheimildir. Það þrengir að í lánamöguleikum lágláunafólks hjá hefðbundnum lánastofnunum og því mikilvægt að geta leitað til fleiri aðila í fjármögnun húsnæðis.“

Margrét Haukdal Marvinsdóttir þakkar fundarstjóra fyrir að bera upp þessa tillögu.

Heimir Kristinsson tekur undir þessa tillögu fundarstjóra. Margir sjóðfélagar sakna þess að hafa ekki aðgang að þessum lánum og sumir hafa íhugað að skipta um sjóð til að fá betri lánskjör.

Fundarstjóri bar þessa tillögu til atkvæðagreiðslu. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundastjóri bar að lokum upp tillögu um að honum og fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og komu engar athugasemdir við það.

Að því búnu tók formaður stjórnar aftur til máls og þakkaði fundargestum góðan fund og sagði fundarmönnum að vera óhræddir að hafa samband við stjórn og starfsmenn sjóðsins ef eitthvað er. Óskaði öllum góðrar heimferðar og sagði fundi slitið klukkan 16:30.

Fundarstjóri:

Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir



Fundarritari:

María Björk Guðmundsdóttir

